

Brunavarnaáætlun  
fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp.  
2018-2023



Inspectionem





## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	i
Samþykkt .....	1
Gerð og efni brunavarnaáætlunar.....	1
1 Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins .....	2
1.1 Niðurstöður áhættumats.....	2
1.2 Niðurstöðu greiningar á mannafla og búnaðarþörf slökkviliðsins .....	4
1.3 Mengunarvarna- og slökkviáætlanir .....	6
2 Þjónustustig .....	7
2.1 Lögþjónustustig .....	7
2.2 Önnur þjónusta.....	8
3 Skipulag slökkviliðs .....	10
3.1 Skipulag .....	10
3.2 Forvarnastarf .....	11
3.3 Útkallsstarf.....	13
3.4 Önnur verkefni.....	14
3.5 Viðvaranir, upplýsingagjöf og viðbragð.....	15
3.6 Útkallstími.....	15
4 Húsnaði og tækjabúnaður .....	17
4.1 Húsnaði.....	17
4.2 Búnaður .....	17
4.3 Æflingasvæði .....	17
5 Slökkvivatn .....	18
6 Sérstakar bruna- eða mengunarhættur.....	19
7 Samkomulag og samningar.....	23
8 Framkvæmdaáætlun.....	24
8.1 Breytingar og/eða endurskoðun á starfsemi slökkviliðsins sem fyrirhugað er að gera á gildistíma brunavarnaáætlunar .....	24
8.2 Fyrirkomulag á viðhaldi, afskriftum og úreldingu búnaðar og húsnaðis.....	24
8.3 Framkvæmdaáætlun .....	25
8.4 Áætlun um viðhald og endurnýjun.....	26
8.5 Menntunaráætlun .....	27
8.6 Æflingaáætlun .....	28



8.7 Eftirlitsáætlun .....	28
9 Helmildir .....	29



## Brunavarnaáætlun fyrir Langanesbyggð.

### Samþykkt

Brunavarnaáætlun þessi er gerð fyrir starfssvæði Langnesbyggðar og Svalbarðahrepps samkvæmt ákvæði í lögum um brunavarnir nr. 75/2000 og tóku gildi 1. janúar 2001. Í 13. grein fyrrnefndra laga segir:

*"Á hverju starfssvæði slökkviliðs skal liggja fyrir brunavarnaáætlun sem fengið hefur samþykki Mannvirkjastofnunar og samþykki sveitarstjórnar. Brunavarnaáætlun skal endurskoða eigi síðar en að fimm árum liðnum frá því að hún hlaut samþykki. Markmið brunavarnaáætlunar er að tryggja að slökkvilið sé þannig mannað, skipulagt, útbúið tækjum, menntað og þjálfað að það ráði við þau verkefni sem því eru falin með lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim." Mannvirkjastofnun gefur út leiðbeiningar um efni og gerð brunavarnaáætlunar.*

Brunavarnaáætlun leggur grunninn að gæðastjórnun og úttekt á starfsemi slökkviliðs fyrir þá aðila sem bera ábyrgð á brunavörnum í hverju sveitarfélagi. Áætlunin auðveldar einnig íbúum sveitarfélagsins að fá upplýsingar um veitta þjónustu, skipulag slökkviliðs og markmið með rekstri þess í sveitarfélagini.

Þórshöfn 24/8 2018

Dólas Þórhús -

f.h. Langanesbyggðar

Sigrún Þórhóð

f.h. Svalbarðshrepps

Reykjavík 24/8 2018

Björn Karlsson

f.h. Mannvirkjastofnunar





## Gerð og efni brunavarnaáætlunar

Áður en brunavarnaáætlunin var gerð voru metnar þær hættur sem varða verkefni slökkvilliðsins í áhættumati. Jafnframt var gerð greining á mannafla- og búnaðarþörf fyrir allar áhættur sem eru mótandi fyrir stærð slökkvilliðsins (stærstu og erfiðstu áhættur á starfssvæðinu).

Einnig hafa verið gerðar viðbragðsáætlanir (slökkvilaáætlanir og mengunarvarnaáætlanir) yfir samfélagslega mikilvægustu áhætturnar á svæði slökkvilliðsins.

Upp úr þessum gögnum hefur verið unnið yfirlit yfir núverandi stöðu slökkvilliðsins, og lagt mat á hvort;

- búnaður slökkvilliðsins sé nægjanlegur,
- fjöldi slökkviliðsmanna, geta þeirra, menntun og þjálfun, sé nægjanleg,
- aðgengi sé gott að nægjanlegu slökkvivatni,
- staðsetning og húsnæði slökkvilliðsins uppfylli þarfir liðsins.

Komið hefur í ljós að gera þarf úrbætur og eru þær settar fram í framkvæmdaáætlun þar sem lýst er hvernig áformað er að bæta úr þeim atriðum sem er áfátt;

- kröfur um úrbætur á stórum áhættum sem þarf að gera til að vernda líf og heilsu fólks, umhverfi og eignir til samræmis við getu og þjónustu slökkvilliðsins,
- auka menntun slökkviliðsmanna,
- fjölga þeim sem hafa réttindi sem reykkafarar,
- bæta aðgengi að nægjanlegu slökkvivatni, með kaupum á tankbíl.

Upplýst er um þær hugmyndir sem uppi eru varðandi stórsklipahöfn í Finnaflírði og olíubirgðastöð, en komið þau áform til framkvæmda innan þeirra fimm ára sem gildistími þessarar brunavarnaáætlunar spannar mun það kalla á verulegar breytingar á skipulagi og starfssemi slökkvilliðsins og endurgerð brunavarnaáætlunarinnar.

Brunavarnaáætlunin er þannig uppbyggð að hún veiti þeim aðilum sem þurfa að geta nálgast þær upplýsingar sem hér eru gefnar réttar upplýsingar. Brunavarnaáætlun veitir;

- almenningi upplýsingar um það hvaða öryggi þeim er búið í sveitarfélagini og með hvaða hætti þjónustan er veitt.
- hönnuðum upplýsingar til að ákvarða forsendur við hönnun mannvirkja (t.d. vatn, stærð og geta slökkvilliðsins og útkallstími).
- eigendum mannvirkja upplýsingar um þjónustustig slökkvilliðsins.
- sveitarstjórn upplýsingar til að taka upplýstar ákvarðanir um slökkviliðið m.a. varðandi fjármögnun.



## 1 Forsendur fyrir skipulagi slökkviliðsins

### 1.1 Niðurstöður áhættumats

Áhættumat hefur verið unnið samhliða mati á mannafla og búnaðarþörf voruð 2018. Helstu niðurstöður áhættumats eru sýndar á mynd 1. Alls var lagt mat á alvarleika 102 áhættuþátta fyrir þau 41 atvik sem valin voru til skoðunar.

Líkur	1	2	3	4	5
Alvarleiki	1	2	3	4	5
5	1		3	1	
4	12	5	6	9	
3	9	3	2	5	
2	3	2	1	3	4
1	18	2	2	4	6

Tilórní	Á við um	Líkur
Oft	>10 á ári	1
Gerist	1-10 skipti á ári	2
Kemur fyrir	0,1-1 skipti á ári	3
Sjaldan	0,01 -0,1 skipti á ári	4
Næstum aldrei	<0,01 skipti á ári	5

Mynd 1 Mat á tíðni atvika

Mynd 2 Niðurstöður áhættumats, fjöldi áhættuatvikla raðað eftir vægi.

Á við um:	Alvarleiki	1	2	3	4	5
1	Fólk	Óverulegir áverkar	Minniháttar áverkar – fáir einstaklingar	Meira en fimm með minniháttar áverka	Fáir með alvarlega áverka/látnir	Margir látnir/með alvarlega áverka
2	Eignir	<200.000 kr	200.000- 2.000.000 kr	2.000.000- 20.000.000 kr	20.000.000- 200.000.000 kr	>200.000.000 kr
3	Umhverfi	Óveruleg áhrif	Veruleg áhrif	Hætta á varanlegu tjóni	Lítið en varanlegt tjón	Stórt varanlegt tjón
4	Samfélaglið og rekstur fyrirtækja	Engar/smávægilegar truflanir Seinkun á rekstri < 1 dagur	Minni truflanir Seinkun á rekstri < 1 vika	Verulegar truflanir Seinkun á rekstri > 1 mánuður Uppsagnir starfsmanna	Alvarlegar truflanir Seinkun á rekstri > 3 mánuðir, tapaðir viðskiptavinir	Mjög alvarlegar truflanir, ekki hægt að veita þjónustu Fyrirtæki hættir starfsemi sveitarfélaginu

Mynd 3 Mat á alvarleika atvika fyrir líf og hellsu fólks, eignir, umhverfi og samfélaglið og rekstur fyrirtækja

Áhættuatvik sem metin hafa verið eru eftirfarandi:

Mikil áhætta er fyrir

- Fólk og samfélag vegna ammóníakleka í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Eignir og samfélag vegna lyftarabruna í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Eignir vegna elds í umbúðalager í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Eignir vegna elds í fitu í bræðslunni, í bræðslu Ísfélags Vestmannaeyja
- Eignir og samfélag vegna íkveikju í grunnskólanum.
- Eignir vegna íkveikju í kirkjunnini.



- Fólk og eignir vegna umferðarslys og rútuslys.
- Eignir vegna umferðarslys við olíuflutninga.
- Eignir vegna elds í skipi í höfninni.
- Fólk og eignir vegna eldsvoða í gistingu í Toppfiski fiskvinnslu.
- Eignir og samfélag vegna lyftarabruna í Toppfiski fiskvinnslu.
- Eignir vegna elds í umbúðalager í Toppfiski fiskvinnslu.
- Fólk og samfélag vegna ammóníakleka í Fiskvinnsluhúsi Toppfisks.
- Eignir og samfélag vegna lyftarabruna í Fiskvinnsluhúsi Toppfisks.
- Eignir vegna elds í umbúðalager í Fiskvinnsluhúsi Toppfisks.
- Eignir vegna elds í skipi í höfninni.
- Eignir vegna elds með upptök í rafmagni og opins elds í ferðaþjónustunni Svalbarði.

**Meðal áhætta er fyrir**

- Eignir vegna elds í rafmagnskerfi og heitrar vinnu í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Samfélag vegna elds í umbúðalager í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Fólk vegna sýru (ediksýru, maurasýru) - mengunarslys, í bræðslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Samfélag vegna elds í fitu í bræðslunni, í bræðslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Eignir vegna elds með upptök í rafmagni í félagsheimilinu Þórsveri.
- Eignir vegna elds með upptök í rafmagni í íþróttahúsinu.
- Fólk og umhverfi vegna umferðarslys við olíuflutninga
- Fólk og eignir vegna brotlendingar 19 sæta áætlunarflugvélar á flugvellinum.
- Eignir vegna elds í rafmagnskerfi og heitrar vinnu í Toppfiski fiskvinnslu.
- Samfélag vegna elds í umbúðalager í Toppfiski fiskvinnslu.
- Eignir vegna elds í rafmagnskerfi og heitrar vinnu í Fiskvinnsluhúsi Toppfisks.
- Samfélag vegna elds í umbúðalager í Fiskvinnsluhúsi Toppfisks.

**Lítill áhætta er fyrir**

- Samfélag vegna heitrar vinnu í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Samfélag vegna elds í rafmagnskerfi í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Umhverfi vegna lyftarabruna, elds í rafmagnskerfi, elds í umbúðalager, heitrar vinnu og ammóníakleka í fiskvinnslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Samfélag og eignir vegna heltrar vinnu, í bræðslu Ísfélags Vestmannaeyja
- Samfélag vegna sýru (ediksýru, maurasýru) – mengunarslys, í bræðslu Ísfélags Vestmannaeyja
- Umhverfi og samfélag vegna svartolíu leka, í bræðslu Ísfélags Vestmannaeyja.
- Fólk, samfélag og eignir vegna elds með upptök í rafmagni og heitrar vinnu í grunnskólanum.
- Fólk vegna íkvælju í grunnskólanum.
- Fólk og eignir vegna elds með upptök í rafmagni og kerta í kirkjunni.
- Fólk vegna kerta í klrkjunni.
- Fólk og eignir vegna heimilisfræðikennslu og skólamötuneytis í félagsheimilinu Þórsveri.
- Fólk vegna elds með upptök í rafmagni í félagsheimilinu Þórsveri.
- Fólk og eignir vegna opins elds í íþróttahúsinu.
- Fólk vegna elds með upptök í rafmagni í félagsheimilinu Þórsveri.
- Fólk og umhverfi vegna mengunarslys af völdum díselolíu frá olíuflutningum til hafnarinnar.
- Fólk vegna elds í skipi í höfninni.
- Fólk og eignir vegna brautarendaslyss á flugvellinum.
- Samfélag vegna heitrar vinnu og elds í rafmagnskerfi í Toppfiski fiskvinnslu.
- Umhverfi vegna lyftarabruna, elds í rafmagnskerfi, elds í umbúðalager, elds í gistingu og heitrar vinnu í Toppfiski fiskvinnslu.



- Samfélag vegna heitrar vinnu í Fiskvinnsluhúsl Toppfisks.
- Samfélag vegna elds í rafmagnskerfi í Fiskvinnsluhúsi Toppfisks.
- Umhverfi vegna lyftarabruna, elds í rafmagnskerfi, elds í umbúðalager, heitrar vinnu og ammóníakleka í Fiskvinnsluhúsi Toppfisks.
- Fólk og umhverfi vegna mengunarslys af völdum díselolíu frá olíuflutningum.
- Fólk vegna elds í skipi í höfninni.
- Fólk vegna elds með upptök í rafmagni og opins elds í ferðapjónustunni Svalbarði.

## 1.2 Niðurstöðu greiningar á mannafla og búnaðarþörf slökkvilliðsins

Helstu niðurstöður greiningar á mannafla og búnaðarþörf slökkvilliðsins eru teknar saman í töflu 1. Kröfur sem gera þarf til eigenda mannvirkja vegna þess mismunar sem er á getu slökkvilliðsins til þess að ráða við áhættuna og stærðar áhættunnar og töflu 2. Úrbætur sem gera þarf vegna þess vanbúnaðar slökkvilliðsins sem eftir stendur þegar gerðar hafa verið kröfur á eigendur mannvirkja.

**Tafla 1 Kröfur sem gera þarf til eigenda mannvirkja vegna þess mismunar sem er á getu slökkvilliðsins til þess að ráða við áhættuna og stærðar áhættunnar**

Pórshöfn	Hraðfrystistöð, fiskvinnsla	<p>Upplýsa þarf forsvarsmenn fyrirtækisins um getu slökkvilliðsins. Eins og staðan er fyrir brunahönnun hússins og tilheyrandi breytingum mun slökkvillið ekki ráða við stóreld í húsinu.</p> <p>Slökkvillið getur nýtt u.p.b. 4800 l/mín af vatni við slökkvistarfs með þann mannafla og búnað sem það hefur yfir að ráða, að teknu tilliti til samstarfs við björgunarsveitina Haflíða.</p> <p>Gera þarf kröfu um að gerðar séu ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og</p>
	Hraðfrystistöð, braðsla	<p>Upplýsa þarf forsvarsmenn fyrirtækisins um getu slökkvilliðsins. Eins og staðan er fyrir brunahönnun hússins og tilheyrandi breytingum mun slökkvillið ekki ráða við stóreld í húsinu.</p> <p>Slökkvillið getur nýtt u.p.b. 4800 l/mín af vatni við slökkvistarfs með þann mannafla og búnað sem það hefur yfir að ráða, að teknu tilliti til samstarfs við björgunarsveitina Haflíða.</p> <p>Gera þarf kröfu um að gerðar séu ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og</p>



		slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfl þannig að eigin brunavarnir fyrirtækisins miðist við að áhættan sé ekki stærri en slökkviliðið getur ráðið við.
	Grunnskóli	
	Félagsheimilið Þórsver	
	Íþróttahús	
	Þjóðvegir á starfssvæði slökkviliðsins	
	Höfn	
	Flugvöllur	
Bakkafjörður	Toppfiskur, fiskvinnsla	
	Fiskvinnsluhús Toppfisks	
	Höfn	
Svalbarðshreppur	Ferðapjónusta Svalbarði	
Framtíðaráhættur	Stórkipahöfn í Finnafirði	Gera þarf kröfur um brunahönnun á mannvirkni og lóð áður en byggingaráform eru samþykkt þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt. Gera þarf kröfu um að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi.
	Olíubirgðastöð í Finnafirði	Gera þarf kröfur um brunahönnun á mannvirkni og lóð áður en byggingaráform eru samþykkt þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða. Byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt. Gera þarf kröfu um að gerðar séu sérstakar ráðstafanir til brunavarna, t.d. með uppsetningu á sérhæfðum búnaði til viðvörunar- og slökkvistarfs og þjálfun tiltekinna starfsmanna í brunavörnum og slökkvistarfi.

**Tafla 2** Úrbætur sem gera þarf vegna þess vanbúnaðar slökkviliðsins sem eftir stendur þegar gerðar hafa verið kröfur á eigendur mannvirkja

Þórshöfn	Hraðfrystistöð, fiskvinnsla	Nauðsynlegt er að slökkviliðið mennti fleiri slökkviliðsmenn til þess að vera hæfa til að
----------	-----------------------------	---



		beita réttum viðbrögðum við mengunarslysum og eiturefnaslysum. Fjölgar þarf reykköfurum í slökkviliðinu.
	Hraðfrystistöð, bræðsla	Fjölgar þarf reykköfurum í slökkviliðinu.
	Grunnskóli	Fjölgar þarf reykköfurum í slökkviliðinu.
	Félagsheimilið Þórsver	Fjölgar þarf reykköfurum í slökkviliðinu.
	Íþróttahús	Fjölgar þarf reykköfurum í slökkviliðinu.
	Þjóðvegir á starfssvæði slökkviliðsins	
	Höfn	
	Flugvöllur	
Bakkafjörður	Toppfiskur, fiskvinnsla	Nauðsynlegt er að slökkviliðið mennti fleiri slökkviliðsmenn til þess að vera hæfa til að belta réttum viðbrögðum við mengunarslysum og eiturefnaslysum. Fjölgar þarf reykköfurum í slökkviliðinu.
	Fiskvinnsluhús Toppfisks	
	Höfn	
Svalbarðshreppur	Ferðaþjónusta Svalbarði	Erfitt er að komast í vatn. Langar vegalengdir til að dæla með lausri dælu og millidælingu. Á veturnar í frosti er lítið sem ekkert vatn að hafa. Því þarf vatnsflutninga. Nauðsynlegt er að slökkviliðið hafi tankbíl og laug til að tæma úr honum í svo vatnsöflun geti verið órofin.
Framtíðaráhættur	Stórskipahöfn í Finnafirði	Fjölgar þarf í slökkviliðinu, auka menntun slökkviliðsmanna og bæta við sértækum búnaði vegna þeirrar áhættu sem hér er um að ræða.
	Olíubirgðastöð í Finnafirði	Fjölgar þarf í slökkviliðinu, auka menntun slökkviliðsmanna og bæta við sértækum búnaði vegna þeirrar áhættu sem hér er um að ræða.

### 1.3 Mengunarvarna- og slökkviáætlanir

Mengunarvarna- og slökkviáætlanir eru til fyrir þær áhættur innan starfssvæðisins sem áhætta hefur verið metin mikil fyrir samfélagið.

Þessar áhættur eru grunnskólinn, fiskvinnslurnar á Þórshöfn og Bakkafirði og bræðslan á Þórshöfn. Gera þarf ráðstafanir eins og lýst er í töflu 1 og töflu 2 til þess að þessar áhættur verði viðráðanlegar fyrir slökkviliðið. Nánar er gerð grein fyrir þeim ráðstöfunum í kafla 8 Framkvæmdaáætlun.



## 2 Þjónustustig

### 2.1 Lögbundin verkefni

Þjónustu slökkviliða er samkvæmt leiðbeiningu Mannvirkjastofnunar skipt upp í eftifarandi fimm meginþjónustuflokkum:

1. Vatnsöflun og slökkvistarfsutanhúss.
2. Slökkvistarfsinnanhúss og reykköfun.
3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum, eiturefnaköfun.
4. Björgun á fastklemmdu fólk í mannvirkjum og farartækjum.
5. Eldvarnaeftirlit og forvarnir, þ.m.t. eftirlit með einkabrunavörnum.

Slökkviliðið sinnir öllum þjónustuflokkunum,

14 slökkviliðsmenn hafa lokið grunnnaði Brunamálaskólangs fyrir hlutastarfandi slökkviliðsmenn sem gerir þá hæfa til slökkvistarfa utanhúss, til að annast vatnsöflun, reyklosun, dælingu og reykköfunar. 5 slökkviliðsmenn eru í Brunamálaskólanum og klára grunnnaðam vorið 2018.

Þjónustu slökkviliðsins í Langanesbyggð er skipt upp í eftifarandi sex þætti:

#### 1. Vatnsöflun og slökkvistarfsutanhúss

Slökkviliðið sinnir slökkvistarfi utanhúss. 60 % slökkviliðsmanna hafa menntun frá Brunamálaskólanum í vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss. Auk þess fá björgunarsveitarmenn og þeir slökkviliðsmenn sem ekki hafa lokið menntun Brunamálaskólangs þjálfun í vatnsöflun.

Þjálfun þeirra slökkviliðsmanna sem sinna vatnsöflun og slökkvistarfi utanhúss er að lágmarki 20 klst. á ári.

Björgunarsveitarmenn eru þjálfaðir til að vinna við vatnsöflun og æfa að lágmarki 4 klst. tvísvær á ári með slökkviliðinu. Gerður hefur verið samstarfssamningur um þá aðstoð.

#### 2. Slökkvistarfsinnanhúss og reykköfun

Slökkvilið sinnir slökkvistarfi innanhúss og reykköfun. 60 % slökkviliðsmanna hafa menntun frá Brunamálaskólanum í slökkvistarfi innanhúss og reykköfun og gild reykköfunarréttindi. Þjálfun reykkafara er í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 1088/2013 um reykköfun og reykköfunarbúnað. Stefnt er að því að þegar fjöldað verður í slökkviliðinu í 30 slökkviliðsmenn verði hlutfall slökkviliðsmanna sem hafi gild reykköfunarréttindi óbreytt, þannig að æskilegu hlutfalli sem er 60 % verði náð fyrir árið 2020.

#### 3. Viðbrögð við mengunar- og eiturefnaslysum og eiturefnaköfun

A slökkvistöð Pórshafnar eru til tveir eiturefnabúningar (gasþéttir varnargallar). Gallarnir eru meira en 10 ára gamlar og komnir fram yfir þann tíma sem framleiðandi ábyrgist að þeir séu öryggir og þá þarf því að endurnýja.

Einn slökkviliðsmaður hefur lokið námskeiði 4, sem gerir hann hæfan til að belta réttum viðbrögðum við mengunarslysum og eiturefnaslysum.



Nauðsynlegt er að slökkviliðið mennti fleiri slökkviliðsmenn til þess að vera hæfa til að beita réttum viðbrögðum við mengunarslysum og eiturefnaslysum. Í menntunaráætlun er gert ráð fyrir að 60 % slökkviliðsmanna ljúki þessari menntun árið 2019.

Kerra með búnaði til fyrsta viðbragðs við mengunarslysum er á slökkvistöðinni á Þórshöfn. Yfirlara og endurnýja þarf búnaðinn í kerrunni en m.a. eru eiturefnabúningar (gasþéttir varnargallar) í henni útrunnir. Slökkviliðið þarf að hafa að lágmarki 2 eiturefnabúninga (gasþéttar varnargalla) og á gildistíma brunavarnaáætlunarinnar þarf að fjölga þeim í 4.

#### 4. Björgun fólks með klippum, glennum og öðrum búnaði, m.a. úr bíflökum

Á Þórshöfn og Bakkaflíði eru til staðar björgunartæki til að bjarga fastklemmdu fólk m.a. úr bíflökum.

45 % slökkviliðsmanna hafa lokið námskelði 3, sem gerir þá hæfa til björgunar fólks úr bíflökum, klippuvinnu og skyndihjálpar við slasaða. Stefnt er að því að hækka hlutfall slökkviliðsmanna sem hafi lokið námskelði 3 þannig að æskilegu hlutfalli sem er 60 % verði náð fyrir árið 2020.

#### 5. Eldvarnareftirlit

Eldvarnareftirlit er í samræmi við reglugerð nr. 723/2017 um eldvarnir og eldvarnaeftirlit.

Slökkviliðsstjórl sér um eldvarnaeftirlit og hefur lokið námskeiðum I, II og III fyrir eldvarnaeftirlitsmenn.

Eftirlitsáætlun hvers árs er birt á heimasíðu sveitarfélagsins.

### 2.2 Önnur þjónusta

#### 1. Dælingar

Slökkviliðið sinnir þjónustu við íbúa sveitarfélaganna ef á þarf að halda t.d. hreinsa upp vatn vegna leka, losa stfflur úr lögnum, dælingar úr skipum samkvæmt beiðni o.fl. Ávallt er lagt mat á hversu mikil afl óhætt sé að hafa í sliðum verkefnum og þau framkvæmd með fyrirvara um að geta slökkviliðsins til að bregðast við lögbundnum verkefnum í Langanesbyggð sé ekki rýrð.

#### 2. Öryggisvöktun

Öryggisvöktun er framkvæmd samkvæmt beiðni og/eða fyrirskipun slökkviliðsstjóra og eða sýslumanns t.d. á skemmtistöðum, við afgreiðslu á eldsneyti við höfnina og við ýmls önnur atvilk.

#### 3. Björgunarþjónusta á flugvelli

Slökkviliðið sinnir björgunarþjónustu á Þórshafnarflugvelli samkvæmt samningi á milli Ísavia og Langanesbyggðar. Samningur er til á skrifstofu Langanesbyggðar.

#### 4. Þjónusta við önnur brunavarnarsvæði

Samtarfssamningur er á milli Langanesbyggðar og Svalbarðshrepp um brunavarnir og eldvarnareftirlit. Samningur er til á skrifstofu Langanesbyggðar

Slökkvilið sinnir aðstoð við slökkvistörf á öðrum brunavarnarsvæðum samkvæmt beiðni viðkomandi slökkviliðsstjóra á því svæði eftir mat á hversu mikil afl óhætt sé að senda án þess að rýra getu slökkviliðsins til að bregðast við í Langanesbyggð.



Slökkvilliðið getur einnig óskað aðstoðar frá öðrum brunavarnarsvæðum, til eru skriflegir samstarfs-samningar þar um.

#### 5. Slökkvitækjaþjónusta

Slökkvilliðið starfrækir slökkvitækjaþjónustu og hefur til þess starfsleyfi Mannvirkjastofnunar. Tekið er á móti flest öllum gerðum slökkvitækja til yfirferðar og eftirlits.

Einn slökkvilliðsmaður hefur lokið námskeiði fyrir þjónustuaðila brunavarna og sér hann um slökkvitækjaþjónustuna.



### 3 Skipulag slökkviliðs

#### 3.1 Skipulag

Slökkvilið Langanesbyggðar er mannað af slökkviliðsmönnum í hlutastarfi sem ekki hafa fasta viðveru á slökkvistöð en eru skyldugir til að mæta í útköll eftir föstu vaktskipulagi, alltaf eru 5 slökkviliðsmenn til taks í fyrsta viðbragð. Slökkviliðsstjóri er í fullu starfi en hluti af starfsskyldum hans er þjónusta við ISAVIA á flugvelli, eldvarnaeftirlit og forvarnastarf ásamt daglegri yfirstjórn. Auk hans eru í slökkviliðinu varaslökkviliðsstjóri, 2 varðstjórar og 20 slökkviliðsmenn.

Slökkviliðsstjóri annast daglegan rekstur slökkviliðsins. Slökkviliðsstjóri skipar staðgengla slökkviliðsstjóra. Slökkviliðsstjóri ber ábyrgð á daglegri yfirstjórn gagnvart sveitarstjórn og í forföllum hans ber varaslökkviliðsstjóri þá ábyrgð.


Stjórn útkalla er á ábyrgð slökkviliðsstjóra eða varaslökkviliðsstjóra í samræmi við vaktskipulag slökkviliðsins. Staða slökkviliðsstjóra er 100 % og staða varaslökkviliðsstjóra er 15 %.

Helstu verkefni daglegrar yfirstjórnar eru að:

- Stjórna starfseminni og samræma og sjá til þess að slökkvilið vinni sem traust heild að þeim markmiðum sem því eru sett.
- Sjá um áætlanagerð og fjárhagslegan rekstur slökkviliðsins og að heildarstarfsemin sé innan fjárhagsramma.
- Stuðla að góðri þjónustu fyrir almenning og fylgja eftir þörfum og breytingum samfélagsins.
- Sjá til þess að starfsemin sé vel kynnt.
- Stuðla að góðu samstarfi við þá aðilla sem tengjast starfseminni.
- Vinnu að því að búnaður liðsins, færni og menntun starfsmanna sé í samræmi við þjónustustig.
- Stuðla að jákvæðum og framsæknum starfsanda sem hvetur elinstaklinga til þess að ná settum markmiðum.

Auk varaslökkviliðsstjóra er einn varðstjóri á Þórshöfn og 16 manna útkallseining. Á Bakkafirði er varðstjóri og 4 manna hópur sem sinnir fyrsta viðbragði. EKKI eru nema 44 km á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar og aðstoð því fljót að berast milli staðanna. Einnig er hægt að kalla eftir aðstoð frá Vopnafirði og Raufarhöfn samkvæmt samningi við Brunavarnir á Austurlandi og slökkvilið Norðurþings.

Skipurit fyrir slökkviliðið er sýnt á mynd 4. Markmið með þessarl skipan er að yfirbygging sé takmörkuð, að boðlelðir milli yfir- og undírmanna séu einfaldar og skýrar og að lipurt og gott upplýsingaflæði sé milli allra starfsmanna.



Mynd 4 Skipurit slökkvilliðs Langanesbyggðar, slökkviliðsstjóri sinnir forvörnum og eldvarnaeftirliti.

Slökkviliðið sinnir öllum helstu þáttum slökkvistarfa, vatnsöflun bæði úr brunahönum og úr opnum vatnsbólum. Unnið er með flutning vatns á eldstað. Slökkviliðið er fært til að sinna slökkvistarfi bæði innan og utanhus, vinna að reykköfun og reyklosun.

Slökkviliðið sinnir mengunarvörnum og björgun á fastklemmdu fólk. Þessum þáttum er sinnt frá slökkvistöð og æfingar miðast við að allir geti unnið þau störf í samræmi við þjálfun, menntun og þjónustustig.

Öryggisvöktun er sinnt eftir belönum húselganda og/eða kröfu slökkviliðsstjóra og innheimt gjald fyrir í samræmi við gjaldskrá slökkvilliðsins.

Við almannavarnaraðstæður er unnið eftir skipulagi almannavarna. Slökkviliðin sjá um slökkvistarf, losun fastklemmdra og stöðvun á útbrelðslu mengandi efna.

Slökkviliðið sinnir samkvæmt samningi við ISAVIA fyrsta viðbragði björgunarþjónustu á Þórshafnarflugvelli. Slökkviliðið sinni jafnframt elgín hlutverki vegna viðbragðs í útköll á flugvellinum og hlutverki sínu í viðbragði Almannavarna eftir fluglysáætlun sem gerð hefur verið fyrir Þórshafnarflugvöll.

Samstarf er á milli löggreglu, björgunarsvelta, sjúkraflutningsmanna og slökkvilliðsins. Heildar fjöldi björgunarsveitamanna sem hægt er að ná í með skömmum fyrirvara er u.þ.b. 30 á svæðinu og alls eru 2 lögreglumenn á vegum löggreglunnar á Húsavík. Björgunarsveitarmenn eru þjálfaðir til aðstoðar við slökkvilið og æfa að lámarki tvírar á ári með slökkviliðnu og er til samstarfssamningur um þá aðstoð.

### 3.2 Forvarnastarf

Dagleg umsjón forvarna heyrir undir starfssvið slökkviliðsstjóra. Fagleg og rekstrarleg ábyrgð forvarna er í höndum slökkviliðsstjóra. Forvarnarstarf er hluti af stöðugildi slökkviliðsstjóra Slökkviliðs Langanesbyggðar, ekki er tilgreint í starfslýsingu hlutfall eldvarnareftirlits og forvarardeildar.



Sveitarfélagið gætir þess að nægjanlegur hluti af heildarframlagi til slökkvilliðsins sé nýttur til forvana og eftirlitsstarfa.

Samkvæmt reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017 skal að lágmarki vera einn eldvarnaeftirlitsmaður í fullu starfi fyrir hverja 10.000 íbúa á starfssvæði slökkvilliðsins. Ef íbúar eru færri skal lágmarksstarfshlutfall eldvarnaeftirlits vera í réttu hlutfalli við íbúafjölda. Meta þarf hvort aðstæður og áhættur í sveitarfélaginu krefjist aukins fjölda eldvarnaeftirlitsmanna. Fjöldi eldvarnaeftirlitsmanna þarf jafnframt að taka mið af þeim áhættum sem eru í sveitarfélaginu. Íbúar í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi eru u.p.b. 700 og ef miðað er við lágmarkshlutfall eldvarnaeftirlitsmanna skv. reglugerðinni þyrfti staða eldvarnaeftirlitsmanns að vera u.p.b. 7 %. Á starfssvæði slökkvilliðsins eru nokkrar stórar áhættur sem eru ráðandi stærðir í mönnun útkallsdeilda slökkvilliðsins og hafa jafnframt talsverð áhrif á mönnun eldvarnaeftirlitsins. Gott forvarnastarf og eldvarnaeftirlit hefur einnig verið grundvöllur undir það mat á mannafla og búnaðarbörf sem lagt er til grundvallar fyrir mönnun útkallsliðsins.

Starfssemin er tvenniskonar:

- Eldvarnaeftirlit og skoðun.
- Upplýsingar og fræðsla.

Helstu verkefni forvana eru:

- Ráðgjöf til hönnuða.
- Skoðun telkninga bygginganeftirlitsmanna.
- Úttekt á skoðunarskyldum stöðum, skv. reglugerð um eldvarnir og eldvarnaeftirlit nr. 723/2017.
- Umsögn vegna veitinga- og gistiða.
- Sérstakt eftirlit með mannmögum stöðum, t.d. veitinga- og samkomuhúsum.
- Fræðsla fyrir almenning um eldvarnir.
- Fræðsla í skólum um eldvarnir.
- Slökkvilliðsstjóri situr fundi skipulags- og byggingarnefndar.

Slökkvilliðsstjóri hefur lokið námskeiðum I, II og III fyrir eldvarnaeftirlitsmenn og námskeiði fyrir slökkvistjóra.

Eldvarnaeftirlit er haft með mannvirkjum, líðum og starfsemi þar sem eldhætta getur skapast og ógnað lifli, heilsu, umhverfi og eignum.

Eftirfarandi mannvirki, líðir eða starfsemi eru skoðunarskyld af hálfu eldvarnaeftirlits slökkvilliðs eða eftir atvikum háð eigin eftirliti eiganda.:

a. Einu sinni á ári

- Þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast og/eða þar sem hætta er á stórfelldu manntjóni í eldsvoða,
- þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta, þar sem hætta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða eða þar sem eldsvoði getur haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar,
- Allar byggingar í notkunarflokk 4, 5 og 6 skv. ákvæðum byggingarreglugerðar,

b. Fjórða hvert ár

- Mikilvægar menningarsöulegar byggingar og mannvirki,



- Annað atvinnuhúsnæði og opinberar byggingar sem slökkviliðsstjóri telur nauðsynlegt að sæti reglubundnu eldvarnareftirliti.

**Tafla 3 Listi yfir þau mannvírki og þá starfsssemi sem er mikilvæg í sveitarfélaginu og þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hækta er á stórfelldu eignatjóni í eldsvoða**

Pórshöfn	Hraðfrystistöð, fiskvinnsla Hraðfrystistöð, bræðsla Grunnskóli Kirkja Félagsheimilið Þórsver Íþróttahús Þjóðvegir á starfssvæði slökkviliðsins Höfn Flugvöllur
Bakkafjörður	Toppfiskur, fiskvinnsla Fiskvinnsluhús Toppfisks Höfn
Svalbarðshreppur	Ferðapjónusta Svalbarði

Slökkviliðsstjóri gefur árlega út eftirlitsáætlun ársins þar sem gerð er grein fyrir því hvaða mannvírki, lóðir og starfssemi í sveitarfélaginu munu sæta eldvarnareftirliti það árið. Áætlunin er birt á vefsíðu sveitarfélagsins.

